



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 13. júlí 2026
2607070/005.05 GEF

Efni: Umsögn umhverfissviðs við fyrirspurn bæjarfulltrúa Miðflokksins vegna Vorbrautar.

Í ljósi niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að hafna kröfu um ógildingu á ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar um að samþykkja deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts er óskað eftir upplýsingum um stöðuna og hvort tekin hefur verið ákvörðun um að aðhafast frekar í málinu.

Kópavogsbær hefur frá upphafi skipulagsvinnu í Hnoðraholti látið sig málið varða með hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi. Árið 2021 vann Garðabær að breyttu aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta Vífilstaðalands. Gerði Skipulagsstofnun þá kröfu að Garðabær og Kópavogur kæmust að samkomulagi um tengingu á gatnakerfi sveitarfélaganna í Hnoðraholti. Var samkomulagið undirritað í mars 2021 þar sem Garðabær m.a. samþykkti að gera breytingar á nýju deiliskipulagi fyrir Hnoðraholt norður með þeim hætti að í stað tveggja valkosta á hæðarlegu Vorbrautar neðan við fjölbýlishús í Þorrasölum Kópavogi yrði ákvæði um að Vorbraut verði sett í stokk á þeim stað.

Var það staðan þar til við gildistöku á nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts, íþrótta- og útivistarsvæðis, þar sem legu vegarins og tengingum er breytt. Lögum samkvæmt var Kópavogsbær umsagnaraðili við meðferð deiliskipulagsins og skilaði inn umsögn til skipulagsyfirvalda Garðabæjar á kynningartíma. Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. maí 2025, sem var staðfest í skipulags- og umhverfisráði 2. júní s.á., var m.a. vísað til minnisblaðs VSÓ þar sem Kópavogsbær óskaði eftir að metin yrðu áhrif þess ef tengingu Vorbrautar við Arnarnesveg yrði sleppt. Í niðurstöðu greiningarinnar kom fram að mögulegt væri að halda Vorbraut áfram sem botnlanga og að það myndi hafa óveruleg áhrif á íbúa svæðisins. Í umsögn skipulagsfulltrúa voru jafnframt gerðar athugasemdir við að deiliskipulagið yrði samþykkt án þess að fyrir lægi mat á þeim jákvæðu og neikvæðu áhrifum sem tenging Vorbrautar við Þorrasali væri líkleg til að hafa.

Í svörum Garðabæjar við umsögn Kópavogsbæjar kemur fram að Garðabær hafi óskað eftir mati á báðum kostum, þ.e. Vorbraut sem botnlanga annars vegar og með tengingu við Þorrasali hins vegar, og að niðurstaða þeirrar greiningar hafi leitt til þess að ákveðið hafi verið að halda umræddri tengingu við Þorrasali inni í deiliskipulaginu.

Í kafla 3.1.4 í greinargerð með deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts er tenging Vorbrautar við Þorrasali sérstaklega ávörpuð. Þar er tekið fram að Garðabær telji mikilvægt að halda heimildinni inn í deiliskipulagi þó svo að hún verði ekki nýtt fyrr en síðar. Að framangreindu virtu verður ekki annað ráðið en að ekki sé gert ráð fyrir umræddri vegtengingu að svo stöddu, heldur eingöngu verið að tryggja að möguleikinn sé fyrir hendi ef hún reynist nauðsynleg í framtíðinni.

Kópavogsbær hefur nýtt öll þau lögbundnu úrræði sem sveitarfélaginu gefst kostur á til að koma að sjónarmiðum sínum varðandi umrædda vegtengingu. Það er þó á endanum ákvörðun viðkomandi sveitarfélags, í þessu tilviki Garðabæjar, hvort eða með hvaða hætti brugðist er við athugasemdum eða



umsögnum aðila. Þó mætti taka til skoðunar hvort sú veltenging sem nú er gert ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi sé að mati Kópavogsbæjar í samræmi við það samkomulag sem gert var árið 2021.

Með hliðsjón af framangreindu mætti ætla að enn sé svigrúm til frekara samtals við skipulagsyfirvöld Garðabæjar. Kópavogsbær hefur ekki rýnt möguleg grenndaráhrif sem veltenging samkvæmt gildandi deiliskipulagi kann að hafa á íbúa í þorrasölum né heldur metið hvort betri kostir séu fyrir hendi. Frumkvæði að frekari skoðun framangreindra atriða er ávallt á forræði skipulagsyfirvalda Kópavogsbæjar, þ.e. skipulags- og umhverfisráðs og bæjarstjórnar.

Meðfylgjandi eru eftirfarandi gögn:

1. Samkomulag Garðabæjar og Kópavogsbæjar, dags. mars 2021
2. Deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts
3. Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. maí 2025.
4. Minnisblað VSÓ, dags. 12. maí 2025

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

